

L Ö G**um lækun lögbundinna framlaga á fjárlögum.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í sérstökum lögum um tiltekin framlög á fjárlögum er heimilt að lækka slík framlög á fjárlögum árána 1976 og 1977 um allt að fimm af hundraði (5%).

2. gr.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til framlaga vegna slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga og ekki til hreinna markaðra tekjustofna í gjaldahlið, þ.e. tekjustofna sem koma fram án móttframlags af nokkru tagi í gjaldahlið fjárlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Við eignarskattsálagningu fyrir skattárið 1975 skal verðmæti fasteigna til eignarskatts reiknað á 2,7-földu gildandi fasteignamatsverði, þrátt fyrir ákvæði A-liðar